



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

19.nóvember.2012

Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður	Erla Kristín Árnadóttir- Kraftlyftingadeild
Guðjón Norðfjörð – boðaði forföll	Hildur S. Aðalsteinsdóttir - fimleikadeild
Unnur Halldórsdóttir – ritari	Gunnar Gíslason - handknattleiksdeild
Guðrún Kaldal- varaformaður	Hilmar Sigurðsson – Knattspyrnudeild
Bjarni Torfi Álfþórsson - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.

Dagskrá:

- Yfirlit deilda
- Þjónustusamningur við bæinn
- Skipting á bæjarstyrk milli deilda
- Fimleikahúsið
- Íbr/ítr – þátttaka vegna banra í fimleikadeild
- Leigja út hátíðarsal fyrir Zumba 2x í viku
- Önnur mál

1. Yfirlit deilda.

Knattspyrnudeildin: Deildin að klára jólablaðið. Nýr mfl.kk þjálfari komin til starfa og gengur vel. Einnig var ráðin spilandi aðstoðar þjálfari.

Handboltinn: Herrakvöldið kom vel út.

Fimleikadeildin: Fimleikadeildin að gefa út dagatal og það gengur mjög vel. Jólasýningin veður 2.des. Þá verður dagatalið selt. Deildinni gengur vel á mótum. Umræður um stækkun á fimleikahúsinu.

Kraftlyftingadeild: Bikarmót næstu helgi og ef Grótta vinnur þetta mót þá hefur Grótta unnið öll mótin. Deildin jafnvel að senda einn keppanda á heimsmeistaramót næsta sumar.

2. Þjónustusamningur við bæinn: Þjónustusamningurinn liggur hjá ÍTS. Bíðum eftir fundarboði frá ÍTS.

3. Skipting á bæjarstyrk milli deilda: Guðjón leggur til að þessi skipting verði endurskoðuð árlega.





4. Fimleikahúsið: Umræður um fimleikahúsið, ljóst að Grótta þarf að stýra umræðunum á jákvæðari nótum. Þörf á húsinu er gríðalega mikil og ef ekki verður af stækkun eru líkur á að fimleikastarf leggist niður hér á Seltjarnarnesi.
5. Íbr/ itr Guðrún Kaldal fór á fund með Ómari frá ÍTR vegna erindis okkar frá 30.9 2011 Ítr vísar erindinu til SSH þar sem fjallað er um samvinnu íþróttafélaga á höfðuborgarsvæðinu.
6. Leigja út hátíðarsal fyrir Zumba 2x í viku: Aðalstjórn telur að ekki sé hægt að missa salinn fast 2x í viku vegna mikillar notkun Gróttu á salnum.
7. Önnur mál: Reglugerð um kjör á íþróttamanni Gróttu, breyting um hverjir hafa kosningarétt er samþykkt.

Handboltadeildin sendi erindi um að kaupa boltahreinsivél til ÍTS. Aðalstjórn samþykkir það.

Haukur Geirmundsson kom á fundinn hjá okkur og farið var yfir ýmis málefni:

Gunni nefnir klefamálin og sagði að aðilar væru að reyna að gera sitt besta til að leysa það, en það væri hægt með betri skipulagningu. Fyrirspurn hvort stelpurnar gætu fengið að nota skápa sem hægt væri að setja upp í ganginum þar sem þvottahúsið er, aðalstjórn samþykkir það.

Guðrún talar um snaga fyrir hlaupahjól og jafnvel að setja upp skilti þar sem hjól og vespur eru ekki leyfðar inni, Haukur skoðar þetta mál með starfsmönnum sínum.

Umræður um aðkeyrslu til og frá íþróttahúsi og knattspyrnuhúsi, Haukur ætlar líka að skoða það. Senda póst til þjálfara um að leggja ekki í fremstu stæðin.

Haukur leggur til að stofnuð verði húsnefnd þar sem fulltrúar frá Gróttu og skólanum funda með Hauki, aðalstjórn samþykkir það.

